

116. fundur í skólanefnd ME

haldinn þriðjudaginn 26. nóvember kl. 17:00 í fundarherbergi skólans

Mættir skólanefndarmenn: Anna Björk Guðjónsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Gauti Jóhannesson, Halldór Warén og Ragnhildur Rós Indriðadóttir.

Áheyrnarfulltrúar mættir: Jóney Jónsdóttir og Ásbjörn Þorsteinsson. Jón Kristinn Auðbergsson fulltrúi foreldra var fjarverandi.

Jafnframt sátu fundinn Helgi Ómar Bragason skólameistari og Árni Ólason áfangastjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl 17:06.

DAGSKRÁ:

1. Staðfesting fundargerðar 115. fundar

Fundargerð 115. fundar hafði verið samþykkt í tölvupósti en var nú undirrituð án athugasemda.

2. Starfsmannamál:

Skm. lýsti gangi í ráðningarmálum fyrir vorönn 2014. Auglýst var á starfatorgi eftir nokkrum kennurum. Auglýstar voru stöður í líffræði (100%), eðlis- og jarðfræði (100%), textílgreinum og vöruhönnun (50%), iðjuþjálfun (50%), félagsvísindum (75%) og sviðslistum (50%). Nokkrar umsóknir bárust.

Umsókn um líffræðikennslu barst frá fyrrverandi nemanda Agli Gunnarssyni. Egill er ekki með kennsluréttindi þannig að starfið verður auglýst aftur. Fjórar umsóknir bárust um félagsvísindi og gerir skólameistari tillögu um að Freyja Kristjánsdóttir verði ráðin í starfið. Steinrún Ótta Stefánsdóttir sækir um textíl og vöruhönnun en það þarf að auglýsa aftur þar sem hún hefur ekki kennsluréttindi. Sveinborg H. Gunnarsdóttir verður vonandi áfram við jarðfræðikennslu fram á vorönnina. Staðan virðist þokkaleg í ráðningarmálum fyrir vorönn og gerir skólanefnd ekki athugasemdir við þau.

Tekin var fyrir ósk Tinnu Halldórsdóttir um launalaust leyfi á fyrri vorspönn. Málin rædd. Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita henni leyfi á fyrri spönn vorannar 2014.

3. Staða aðgerðaáætlunar

Flest af því sem listað var upp í aðgerðaáætlun til að efla starfsandann og lögð var fyrir síðasta skólanefndarfund er komið til framkvæmda eða er í startholum.

Starfsþróunarviðtöl skm. eru í undirbúningi og tími hefur verið afmarkaður fyrir þverfaglegt samstarf. Geðræktarhópur er að störfum og fékk m.a. fleiri verkefni frá greiningarfundi 28. okt. Starfsmannastefnan verður unnin á vorönn.

Starfsmannafélagið Búbót var endurvakið í gær með nýrri stjórn.

Formaður skólanefndar rakti helstu liði í aðgerðaráætluninni og lagði fram yfirlit um stöðu mála. Marteinn Steinar Jónsson vinnustaðasálfræðingur kom og greindi vandamál og lausnir með starfsmönnum 28. okt. Niðurstöður þess fundar eru flestar komnar í farveg en Marteinn verður áfram til ráðgjafar í vetur eftir þörfum. Mikilvægt er að starfsmenn sjái að markvisst er unnið að því að bæta starfsandann og að eitthvað sýnilegt liggi eftir þessa vinnu.

Formaður fór m.a. yfir það sem kom út úr greiningarvinnunni og snýr beint að skólanefnd. Það er að fjölga í stjórnendateymi skólans og efla kynningu. Til dæmis þykir mikilvægt að fá mannauðsstjóra í stjórnendahópinn og er búið að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun næsta árs.

4. Kynning á ferð starfsfólks ME til vesturheims í maí s.l.

Skm, JJ og ÁÓL kynntu ferð kennara til Vancouver í sumar í máli og myndum. Almenn ánægja var með þessa ferð meðal þátttakenda og allir urðu ríkari af hugmyndum sem flétta má inni skólafarfið.

5. Verklagsreglur skólanefndar og fundaplan

Formaður fór yfir framlögð drög af verklagsreglum og fundarsköpum fyrir skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum. Gauti og Ragnhildur tóku að sér að fara yfir þessi drög fyrir febrúarfund 2014 þegar gert er ráð fyrir að samþykkja reglurnar.

Fundaplan var kynnt á ársgrundvelli. Þar er gert ráð fyrir febrúarfundi þann 11. febrúar, á opnu dögum og að skólanefnd hittist þá kl. 12, snæði hádegisverð og kynni sér skólafarfið fyrir fund. Næsti fundur þar á eftir er áætlaður þri. 29. apríl kl. 17 og síðan sá þriðji þann 18. júní einnig kl. 17. Síðan verða fundir í september og í nóvember. Þetta fundaplan var samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun fyrir 2014

Skm. ræddi helstu liði fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 ásamt útgönguspá fyrir árið 2013. Skólinn virðist standa vel þrátt fyrir að erfitt sé að sjá endanlega niðurstöðu. Skólinn ræður einnig yfir höfuðstól upp á tæplega 20 milljónir sem geta nýst ef eitthvað ber útaf í rekstri skólans.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að bæta við ½ stöðu kennslustjóra framhaldsskólabrautar og ½ stöðu mannauðsstjóra. Þessar stöður verða auglýstar fyrir vorönn 2014. Á grundvelli áfangavals nemenda fyrir vorönn er talið mögulegt að nýta kennarakrafta innan skólans til ýmissa mikilvægra verkefna, svo sem við kynningarmál, vinnu við skólanámskrár og starfsmannastefnu.

Skólanefnd telur fjárhagsáætlunina raunsæja og fagnar því að í henni er mætt hluta af þeim óskum sem komið hafa fram um fjölgun í stjórnendateymi.

7. Önnur mál

- a. Anna Björk vakti máls á miklu vinnuálagi nemenda í nýju spanarkerfi. Málin rædd varðandi kosti og galla nýs kerfis. Könnun, gerð af innra mats hópi ME síðasta vor, sýndi vaxandi ánægju nemenda með þetta nýja kerfi en vinnuálag er þó mjög mismunandi milli nemenda og áfanga. Áfram verður fylgst með þessu í innra mati líkt og síðustu ár.
- b. Halldór Warén kynnti tölur um bíókerfi í fyrirlestrarsal uppá ca. 13 milljónir. Margt spennandi í þessum hugmyndum. Skólanefnd mun skoða þau mál áfram.
- c. Formaður kynnti gang mála varðandi hugmyndir um útibú frá ME á Vopnafirði. Skólanefnd ítrekar fyrri bókun sína um þetta mál frá því í júní.
- d. Formaður kynnti bréf sem skólanefnd hafði borist frá Samtökum Eiðavina, dags. 8. nóvember. Í bréfinu óska Eiðavinir eftir að fá til eignar bláan fána með hvítu Eiðamerki sem á að vera í ME. Skm. sagði að húsvörður væri að leita að fánanum. Skólanefnd samþykktir fyrir sitt leyti að Eiðavinir fái fánann til að hafa hann til sýnis í sögustofu á Eiðum.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:15.

Fundargerð ritaði Árni Ólason.